

Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík
02 965

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík

Fjárlagaliðurinn er í umsjón

Mennta og menningarmálaráðuneytis

kt. 460269-2969

Sölvhólgötu 4, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjárlagaliðurinn Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík flokkast sem ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs og heldur utanum fjárveitingar sem eru byggðar á samningi milli íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 942,0 milljónir og afkoma kr. -99,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 2,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 152,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hörpu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hörpu fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Páll Magnússon
Ráðuneytisstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	942.000.000	889.600.000
Tekjur samtals		<u>942.000.000</u>	<u>889.600.000</u>
Gjöld			
Annar rekstrarkostnaður	3	1.041.408.394	874.705.034
Gjöld samtals		<u>1.041.408.394</u>	<u>874.705.034</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(99.408.394)	14.894.966
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(40.542)	0
		<u>(40.542)</u>	<u>0</u>
Afkoma ársins		<u><u>(99.448.936)</u></u>	<u><u>14.894.966</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	4	<u>152.816.030</u>	<u>102.264.966</u>
Veltufjármunir samtals		<u>152.816.030</u>	<u>102.264.966</u>
Eignir samtals		<u>152.816.030</u>	<u>102.264.966</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Hrein eign		<u>2.816.030</u>	<u>102.264.966</u>
Eigið fé samtals		<u>2.816.030</u>	<u>102.264.966</u>
Skuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>150.000.000</u>	<u>0</u>
Skuldir samtals		<u>150.000.000</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>152.816.030</u>	<u>102.264.966</u>
Aðrar upplýsingar	6		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(99.448.936)	14.894.966
		(99.448.936)	14.894.966
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		(50.551.064)	(14.894.966)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		150.000.000	0
		99.448.936	(14.894.966)
	Handbært fé frá rekstri	0	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins		0	0
		0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		0	0
	Handbært fé í árslok	0	0

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að fráðreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	942.000.000	889.600.000
	<u>942.000.000</u>	<u>889.600.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	892.000.000	0	0	892.000.000
Fjáraukalög	150.000.000	0	0	150.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	(100.000.000)	0	0	(100.000.000)
Fjárveiting til tekna	942.000.000	0	0	942.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(1.041.448.936)	0	0	(1.041.448.936)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(99.448.936)	0	0	(99.448.936)

	2020	2019
3 Annar rekstrarkostnaður		
Kostnaðarhlutdeild	1.041.408.394	874.705.034
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>1.041.408.394</u>	<u>874.705.034</u>

31.12.2020 **31.12.2019**

4 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	152.816.030	102.264.966
	<u>152.816.030</u>	<u>102.264.966</u>

5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	102.264.966	104.383.088
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(17.013.088)
Afkoma ársins	(99.448.936)	14.894.966
Jöfnuður 31.12.	<u>2.816.030</u>	<u>102.264.966</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

6 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Byggt á samkomulagi milli íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar um rekstur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. er greitt af fjárlagaliðnum hlutur ríkisins sem rekstrarframlag. Greiðslur hófust í mars 2011 og samningslok er í mars 2046.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.